UMHVERFIS
STOFNUN

Fiskeldið Haukamýri ehf

Haukamýrargili

640 Húsavík

Reykjavík, 20. desember 2019

UST201901-265/H.S.J.

08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 09.10. 2019, hjá Fiskeldinu Haukamýri**

Þann 9. október sl. fór fram eftirlit í Fiskeldið Haukamýri ehf, Haukramýrargili. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Ein ábending var gerð í eftirlitinu en fimm frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins árs. Ársyfirlit 2017 barst 22. júní 2018. **Frávikinu telst því lokið.**
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins árs. Ársyfirlit 2018 barst 21. maí 2019. **Frávikinu telst því lokið.**
3. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi skal skila fyrir 1. maí árlega vegna undangengins árs. Grænt bókhald 2017 barst 22. júní 2018. **Frávikinu telst því lokið.**
4. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi skal skila fyrir 1. maí árlega vegna undangengins árs. Grænt bókhald 2018 barst 21. maí 2019. **Frávikinu telst því lokið.**
5. Töluliði 5.1 og 5.5 í viðauka IV í lögum nr. 7/1998. Rekstraraðili starfrækir sláturhús og vinnslu á afurðum fiskeldisstöðvarinnar. Sú vinnsla er ekki með starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd og fellur ekki innan umfang starfseminnar sem skilgreind er í starfsleyfi fiskeldisins. Rekstraraðila er bent á að sækja um breytingu á núgildandi starfsleyfi eða sækja um starfsleyfi fyrir fiskvinnslunni til Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

**UMHVERFIS**
STOFNUN

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16.janúar, 2020.**

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Ásta Maack
sérfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland

+354 591 2000
www.ust.is

## Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

| Nafn rekstraraðila: | Dags. eftirlits: | Staðsetning stöðvar: | Brottfallinn starfsleyfisflokkur: |
|---|---|---|---|
| Fiskeldið Haukamýri ehf. | 09.10.19 | Haukamýrargili | 4 |
| **Kennitala rekstraraðila:** | **Gildistími starfsleyfis:** | **Kvittun afhent:** | **Gerð stöðvar:** |
| 660706-1190 | 01.07.2029 | Já | Landeldi allt að 450 tonn. |

| Starfssemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | X | | | Framleiðsla var um 282 tonn 2017, 302 tonn 2018 og áætluð um 310 tonn 2019.<br>Leyfið tekur til framleiðslu á bleikju til manneldis og laxaseiða til flutnings í aðrar stöðvar. Laxaseiði hafa ekki verið í stöðinni í nokkur ár. |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?<br>Áætlaðar breytingar? | X | | | Engar stórar breytingar, eðlilegt viðhald og endurnýjun. Ný ker í B sal.<br>Verið er að skoða að taka upp Fishtalk. |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | X | | | Skráningar eru í Excel, daglegar á blöðum og fært inn mánaðarlega. Súrefnisstyrkur og hiti er fært inn daglega. |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | | X | | Skilað of seint, með grænu bókhaldi. |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | | X | | Skilað 22.6. 18 og 21.5.19 |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | X | | | Var á staðnum.<br>Eftirlitsaðili hefur sent leiðbeiningar vegna uppfærslu áætlana og áhættumats. |

**Eftirlit með fiskeldisstöð**
**Landeldi**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | | | X | |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | X | | | Er í gildi til 01.05.2020. |
| Er neyðaráætlun til staðar? | X | | | Var á staðnum. Sbr. hér að ofan. |

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | X | | | Eru með aqua gap vottun og uppfærð umhverfisstefna fylgdi grænu bókhaldi vegna 2018. |
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki? | X | | | Eru með Vaka í útikerjum, fylgst með 2x á dag. Klukkufóðrarar inni nema í startfóðrun og frárennsli skoðað. |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?<br>Mælingar eða útreikningar?<br>Síðustu mælingar? | X | | | Seinustu mælingar voru í desember 2018. 1,9 mg/L heildar N og 0,3 mg/L heildar P og 0,3 mg/L uppleyst P í frárennsli.<br>Losun í kg/tonn var ekki áætluð en skv. útreikningum eftirlitsaðila á meðan heimsókn stóð er losunin um 10 kg P/tonn og 60 kg N/tonn. (miðað við rennsli 320 L/s og framleiðslu 302 tonn á árinu). Mörk leyfis eru 20 kg P/tonn.<br>Skv. starfsleyfi ber rekstraraðila að áætla losun eldisins út frá fóðurnotkun. Það hefur ekki verið gert. |
| Ástand frárennslis.<br>Eru set eða útfellingar?<br>Olía eða froða?<br>Sorp eða aðrir aðskotahlutir?<br>Hitauppgufun frá frárennsli?<br>Er óeðlileg lykt?<br>Er fiskur í frárennsli? | X | | | Frárennsli leit vel út. |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. | X | | | Engin lokahreinsun er á frárennsli áður en það fer í útrás, en vatnið er mikið endurnýtt og hluti þess fer í gegnum setþró á leið sinni. Frárennslislagnir frá húsum |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Leið frárennslis frá keri að viðtaka. | | | | sameinast og við er bætt nýju vatni, fer í útiker, og í damm. Frárennslið sameinast svo í eina útrás. |
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór). | X | | | Viðtaki er sjór, nokkrum metrum frá húsum og kerjum. |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka. | | | X | |
| Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | X | | | Afföll eru sótt með slógi 3-5x í viku af Arctic Protein.<br>Stórsekkir og 25 kg pokar, flokkað og sótt af Íslenska Gámafélaginu.<br>Olís tekur við formalín tunnum. |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | X | | | Skv. starfsleyfi skal mæla svifagnir og COD þriðja hvert ár. Mælt hefur verið árlega.<br>Mælingar nóvember 2017 voru COD 42 mg/L og svifagnir 5 mg/L og í desember 2018 COD 16 mg/L og svifagnir < 2 mg/L. |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar. | X | | | Niðurstöðum heildar N, heildar P, COD, svifagna, ammoníak og leysanlegs P er skilað árlega með grænu bókhaldi. Öðrum niðurstöðum mælinga sem framkvæma á skv. vöktunaráætlun hefur ekki verið skilað. Eftirlitsaðili óskar eftir að yfirlit á niðurstöðum þeirra fylgi ársyfirliti framvegis. |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | X | |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?<br>Er það skv. starfsleyfi?<br>Hver sér um mælingarnar? | X | | | Mælt er árlega fyrir Aqua Gap<br>Næst mælt fyrir áramót 2019.<br>Sýni ehf. mælir. |

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Í eftirliti ársins 2017 komu engin frávik fram og engar athugasemdir voru gerðar.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**
**Landeldi**

| | |
|---|---|
| **Samantekt:** | Landeldisstöð í Haukamýragili með leyfi til framleiðslu að 450 tonnum á ársgrundvelli. Stöðin er lyfjalaus og með vottun frá Aqua Gap.<br>Olíugeymar eru á staðnum, með yfirfyllngavörn og útsláttarbúnaði.<br>Vatnið úr húsum, startfóðrun og klaki er nýtt aftur í útikerjum með viðbótarvatni og loftun. Hluti vatnsins fer í gegnum setþró. Engin önnur hreinsun er og liggja frárennslislagnir ekki út fyrir stórstraumsfjöruborð vegna landfræðilegra aðstæðna.<br>Vinnsla er á staðnum, en ekki er í gildi starfsleyfi vegna hennar.<br>Fimm frávik komu fram vegna, vegna vinnslu og skila á ársyfirliti og grænu bókahaldi.<br>Ein ábending kom fram vegna losunar næringarefna, að skila inn uppreiknaðri losun í kg/ framleitt tonn. |
| **Annað:** | Mælanleg umhverfismarkmið voru kynnt í eftirlitinu.<br>Einnig var farið yfir breytingar á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.t.t. skila umhverfisupplýsinga; sem og ákvæði reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit um tíðni eftirlitsheimsókna og áhættumat UST sem framvegis verður notað til ákvörðunar tíðninnar.<br>Eftirlitsaðili hefur sent leiðbeiningar vegna útreikninga á losun næringarefna frá fóðurnotkun, sem og vegna uppfærslu áætlana. |

*Undirskrift eftirlitsmanns:* Hulda S. Jónasdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldið Haukamýri Haukamýrargili

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 9.10.2019 | **Ábyrgðarmaður eftirlits** | Hulda Soffía Jónasdóttir |
| **Fyrirtæki** | Fiskeldið Haukamýri | **Eftirlitsmaður** | |
| **Heimili** | Haukamýrargili | **Tegund eftirlits** | Framselt eftirlit |
| **Kennitala** | 6607061190 | **Flokkur** | Fiskeldi |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Pétur Bergmann Árnason | **ÍSAT nr.** | 03.22.00 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Jóhann Geirsson | **Staðsetning** | |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik komu fram við eftirlitið er varða starfsleyfi vinnslu sem og skil á ársyfirliti og grænu bókhaldi, bæði vegna 2017 og 2018. Ein ábending er gerð vegna losunar næringarefna.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun með vísan í 57. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|---|---|
| Gr. 3. 4 í starfsleyfi | Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins árs. Ársyfirlit 2017 barst 22. júní 2018. Frávikinu telst því lokið. |
| Gr. 3.4 í starfsleyfi | Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins árs. Ársyfirlit 2018 barst 21. maí 2019. Frávikinu telst því lokið. |
| Gr. 3.5 í starfsleyfi | Grænu bókhaldi skal skila fyrir 1. maí árlega vegna undangengins árs. Grænt bókhald 2017 barst 22. júní 2018. Frávikinu telst því lokið. |
| Gr. 3.5 í starfsleyfi | Grænu bókhaldi skal skila fyrir 1. maí árlega vegna undangengins árs. Grænt bókhald 2018 barst 21. maí 2019. Frávikinu telst því lokið. |
| Töluliðum 5.1 og 5.5 í viðauka IV í lögum nr. 7/1998 | Rekstraraðili starfrækir sláturhús og vinnslu á afurðum fiskeldisstöðvarinnar. Sú vinnsla er ekki með starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd og fellur ekki innan umfang starfseminnar sem skilgreind er í starfsleyfi fiskeldisins. Rekstraraðila er bent á að sækja um breytingu á núgildandi starfsleyfi eða sækja um starfsleyfi fyrir fiskvinnslunni til Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra. |

**ÁBENDINGAR**

Eftirlitsaðili bendir á að rekstraraðila er heimilt að losa 20 kg P/framleitt tonn og ef losunin er metin með mælingum í frárennsli skulu uppreiknuð gildi í kg P/ framleitt tonn fylgja ársyfirliti.

**ANNAÐ**

Mælanleg umhverfismarkmið voru kynnt í eftirlitinu.
Einnig var farið yfir breytingar á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.t.t. skila umhverfisupplýsinga; sem og ákvæði reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit um tíðni eftirlitsheimsókna og áhættumat UST sem framvegis verður notað til ákvörðunar tíðninnar.

Eftirlitsaðili hefur sent leiðbeiningar vegna útreikninga á losun næringarefna frá fóðurnotkun, sem og vegna uppfærslu áætlana.

20.12.2019

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.